

## GJALDSKRÁ

### Akureyrarkaupstaðar fyrir gjöld skv. lögum um mannvirki og skipulagslögum og önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld.

1. gr.

*Gjöld skv. 51. gr. laga um mannvirki.*

Vegna byggingarleyfa skal greiða eftirfarandi gjöld:

#### 1.1 Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna yfirferðar séruppdráttu, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Einbýlishús	123.647
2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	103.041 pr. íbúð
3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	86.554 pr. íbúð
4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	74.188 pr. íbúð
5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	61.824 pr. íbúð

Einnig eru gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki: 200.000

#### 1.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna byggingareftirlits, yfirferðar séruppdráttu, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Gólfhlötur allt að 500 fermetrar	123.647
2. Gólfhlötur 500 – 1.000 fermetrar	223.788
3. Gólfhlötur 1.001 – 2.000 fermetrar	331.539
4. Gólfhlötur 2.001 – 5.000 fermetrar	497.309
5. Gólfhlötur stærri en 5.000 fermetrar	663.078

Einnig eru gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki: 200.000

#### 1.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar og breytingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna byggingareftirlits, yfirferðar séruppdráttu, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
1. Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 fermetrar	51.520
2. Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	72.127
3. Meiri háttar breytingar á innra skipulagi húsa, burðarþols- eða lagnakerfum þeirra án fermetrastækkunar	55.039
4. Minni háttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	23.588

Einnig eru gjöld vegna aðkeyptar yfirferðar séruppdráttu sem eru innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó að hámarki: 100.000

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

## 1.4 Gjöld vegna eftirlits, stöðuleyfa og auglýsingaskilta.

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>kr.</i>
Stöðuleyfi vegna 20 feta gáms eða minni, veitt til eins árs	30.000
Stöðuleyfi vegna 40 feta gáms, veitt til eins árs	50.000
Árlegt eftirlitsgjald vegna gáma á skipulögðum gámasvæðum innan lóða	20.000
Stöðuleyfi húsa, báta, hjólhýsa, sumarhúsa o.fl., veitt til eins árs	15.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, 1-6 mánuðir pr. mánuð	7.863
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, 12 mánuðir	60.000
Leyfi vegna frístandandi auglýsinga-, þjónustu- og upplýsingaskilta	25.000

Gjöld skv. 1. gr. falla í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma eða veitingu stöðuleyfa og skulu greidd áður en byggingarleyfi er gefið út.

## 2. gr.

*Gjöld skv. 20. gr. skipulagslaga.*

<i>Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.</i>	<i>kr.</i>
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 36. gr.	157.254
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	141.528
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. vegna óverulegrar breytinga	70.000
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	50.000

2.2 *Kostnaður vegna deiliskipulags.*

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38 gr. og 1. mgr. 43. gr.	141.528
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. vegna óverulegrar breytinga	94.352
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	70.764
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegrar breytinga, sbr. 3. mgr. 44. gr.	31.450

2.3 *Kostnaður vegna grenndarkynningar.*

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. - deiliskipulag ekki fyrir hendi	35.382
--	--------

2.4 *Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.*

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1 og 2 viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100.000
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir	50.000

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við bæjarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.

Gjöld skv. 2. gr. falla í gjalddaga við samþykkt framkvæmdaleyfis eða umsókn um skipulag eða skipulagsbreytingu og skulu greidd áður en framkvæmdaleyfi er gefið út eða þegar skipulag eða skipulagsbreyting er samþykkt til auglýsingar.

## 3. gr.

*Afgreiðslu- og þjónustugjöld.*

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar	99.462
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	12.718
Endurnýjun leyfis án breytinga á teikningum	9.084
Aukaúttekt og vottorð um byggingarstig og öryggisúttekt	20.894
Úttekt og umsögn vegna vín- og veitingaleyfa	20.894
Úttekt, leyfi og umsagnir vegna gistileyfa	20.894
Úttekt vegna leiguhúsnaðis	20.894
Úttekt og umsýsla vegna byggingarstjóráskipta	20.000
Lokaúttekt vegna niðurrifs húss	10.000
Vettvangsskoðun húss	5.044
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 2-4	6.000
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 5-10	4.800
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 11-20	4.370
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun pr. eignarhluta 21 og fleiri	4.170
Eignaskiptayfirlýsingar, breyting á samningi	25% af fullu gjaldi
Lóðarsamningur nýrrar lóðar	36.500
Lóðarsamningur vegna eldri lóðar eða breytingar á samningi	15.000
Útmæling fyrir húsi, innifalin ein útmæling á lóð	54.193
Endurútmæling fyrir húsi	19.100
Endurmæling lóðamarka: 0 – 2.000 m <sup>2</sup>	22.906
Endurmæling lóðamarka: 2.001 – 6.000 m <sup>2</sup>	26.303
Endurmæling lóðamarka: 6.001 m <sup>2</sup> og stærra	29.716

## 4. gr.

*Breytingar á fjárhæð gjalda.*

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2011 (100,8 stig) og skulu uppfærð eftir byggingarvísitölu 1. janúar hvers árs.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010 og 20. gr. laga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 346/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar 13. desember 2016 og 6. júní 2017.

*Akureyri, 14. júní 2017.*

**Bjarki Jóhannesson**, sviðsstjóri skipulagssviðs.